

ALDASKIPTASÖGUSKOÐUN

I

Einhverntíma var í „Þjóðviljanum“ sagt frá bók eftir þýskan höfund, Amersin(?), er heiti „Land frelsisins“. Virðist þar geta verið um mjög eftirtektarverða aldaskiptabók að ræða. Höfundurinn skiptir mannkynssögunni í sjö tímabil, segir í þessari grein. Villimannaöldin er fyrst, þá trúarbragðaöldin. Tímabilið sem nú er að líða, telur hann vera öld konunga og þjóðhöfðingja, en af því tekur við þjóðaöldin. Þá verða prestar og höfðingjar allir úr sögunni, og þjóðirnar ráða sér sjálfar. Þarnæst tekur heimsöldin við. Þá líða þjóðir og þjóðareinkenni undir lok, og heimsþjóðin verður til. Allt mannkynið talar þá sömu tungu. Á sjötta tímabilinu sem kallast öld andans, kemst heimsþjóðin í samband við mannkyn á öðrum jarðstjörnum. Sjöunda tímabilið fullkomnar allar framfarir. Þá er maðurinn orðinn óra langlífur, allt að því ódauðlegur.

II

Það er nú vissulega mjög merkilegt og þakkarvert hjá höfundinum þessum, að hann gerir ráð fyrir sambandi við líf á öðrum jarðstjörnum, sem þætti í þróun framfaramannkyns.

En misskilningur er það hjá honum, að mannkynið muni komast á það þroskastig sem hann nefnir heimsþjóðina, áður en samband tekst við mannkyn á öðrum jarðstjörnum. Því að slíkt samband er einmitt hið ómissandi undirstöðuskiilyrði (*conditio sine qua non*) fyrir því, að allt mannkyn á jörðu vorri geti orðið ein félagsheild. En rétt er það, að mannkyn, sem ekki nær því takmarki, er ekki í sannleika framfaramannkyn.

III

Það kemur vel í ljós, hversu merkileg bók Amersins(?) muni vera, ef vér berum hana saman við hið mikla og fræga ritverk Spenglers um niðurfall vestrænnar menningar (Der Untergang des Abendlandes). Samband við mannkyn á öðrum jarðstjörnum er þar ekki nefnt á nafn, og höfundinum hefir síst komið til hugar, hvernig aðalrót hnignunar og niðurfalls grískrar menningar — sem hann ritar annars um af mikilli snilld, — er fyrst og fremst að rekja til þess, að Grikkir uppgötvuðu ekki, að goðheimur þeirra var í raun rétttri lífheimur annarrar jarðstjörnu, jafnvel þó að hinir ágætustu spekingar, Pýþagoras og Platón, kæmust mjög nálægt þeim skilningi. En því sem allra merkilegast var í kenningu þessara miklu vitringa, var nú einmitt lítill gaumur gefinn.

IV

Aðra aldaskiptabók um söguskoðun mætti nefna, þar sem þó hinum stórlærða höfundi kemur ekki til hugar, að neitt sem heiti lífsamband stjarna á milli, geti átt sér stað, og þá vitanlega ekki heldur komið til greina þegar um heimshvörf er að ræða. En sú bók heitir nú ekkert minna en „Weltenwende“ (sem þýðir: Heimshvörf), og er eftir dr. Albrecht Wirth. Var hann sagnfræðingur og þjóðfræðingur mjög lærður og víðförull, og virðist mér þessi bók hans engu síður vel rituð en „Untergang“ Spenglers, þó að hún sé ekki líkt því eins fræg. Að ég kynntist bókinni „Weltenwende“, var nánast tilviljun.

Dr. Wirth varð ekki gamall maður, en hafði lifað í mjög farsælu hjónabandi. Var ekkjan mjög harmþrungen eftir lát manns síns. Svo vildi til, að hún kynntist einhverju sem ég hafði skrifað, og virðist hafa verið nokkur huggun í að vita af náttúrufræðingi sem taldi engan efa geta verið á því, að lifað væri eftir dauðann. Sendi hún mér svo þessa bók manns síns, í þakklætis skyni.

Þegar ég minnst þessarar gáfuðu konu, kemur mér önnur í hug, sem mér virðist ekki síður ástæða til að dást að. Þessi

kona skrifaði mér frá Ítalíu, til að þakka mér fyrir einhverjar greinar sem hún hafði lesið eftir mig. Kvaðst hún lesa bækur á 7 málum, en aldrei hefði hún lesið neitt sem sér hefði þótt líkt því eins gott um það efni, eins og þessar greinar mínar. En þær voru á frönsku; hafði mér vinveittur franskur rithöfundur, Gabriel Gobron, þýtt þær úr ensku. Nokkur bréf fóru okkar á milli og bauðst þessi ágæta kona til að útvega mér nokkrar ítalskar bækur sem ég hafði árangurslaust reynt til að eignast; og eins sagði hún, að sig langaði til að koma mér í kynni við hinn heimskunna ítalska sálarrannsóknamann og heimspekiprófessor Ernesto Bozzano. En svo fór Ítalía í stríðið, og síðan hefi ég engar fréttir haft af þessari vinkonu minni. Þótti mér það skaði mikill, því að bréfastyðni þessi, þótt ekki væru meiri, höfðu verið mér nóg til að skilja, að kona þessi var bæði vel menntuð, og afbragð að viti og góðvild. Styrjöldin hefir einnig orðið til þess að ég tapaði þessum franska vini mínum sem ég nefndi, og þótti mér það einnig slæmur missir. Málstaður minn getur ekki sigrað án stuðnings frá þeim, sem bæði eru gáfaðir og góðviljaðir. Frá öðrum er ekki stuðnings að vænta þeim málstað.

V

Niðurlagið á bók Amersin's — eða því sem segir af mannkynssöguskoðun hans — minnir mig á þýska bók sem heitir „Die Überwinder des Todes“, og mætti af þeirri fyrirsögn ætla, að þar segði frá mannkyni sem sigrað hefði dauðann. En svo er þó ekki, því að þegar vér lesum þessa annars mjög fróðlegu framtíðarsögu, þá kemur í ljós, að mannkyn það sem höfundurinn — en hann hefir ekki viljað nefna sig — er að segja frá, hefir enganveginn sigrað dauðann, en er aðeins orðið miklu langlífara en menn gerast hér á jörðu nú, líkt og segir um mannkyn Amersins.

Hjá báðum þessum höfundum virðist vera til hugboð um, að takmarkið sé að komast á þá framfarabraut er liggi til sigurs á ellihnignun og dauða; og er það alveg rétt. En það

riður á að skilja, að mannkyn jarðar vorrar mun aldrei á þá braut komast án þess að verða aðnjótandi hjálpar frá fullkomnari mannkynjum annarra jarðstjarna. Helstu kennarar mannkynsins, eins og t. d. Pýþagoras, Sókrates, Platón, Kristur, Swedenborg, urðu slíkrar hjálpar aðnjótandi, en aðeins á ófullkominn hátt, og án þess að það væri þeim sjálfum nægilega ljóst, hvað um var að vera. En ef vér gætum að því hversu undursamlega Pýþagoras, og þó jafnvel á ennþá hærra stigi, Swedenborg, var á undan sinni samtíð í vísindalegum efnum, þá getum vér gert oss nokkurnveginn ljósa hugmynd um það, hvílík framfaraöld muni hefjast hér á jörðu, þegar sambandið við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum kemst í það horf sem vera þarf. Eða, með öðrum orðum, hið vísindalega horf. Mönnunum mun þá, á nokkrum áratugum, fara meira fram að þekkingu, en á tugum áraþúsunda áður. En sá munur sem er á högum mannanna nú og fyrir þúsundum alda, á rót sína að rekja fyrst og fremst til aukinnar þekkingar. Sumir virðast vilja kenna vísindamönnunum um hinar auknu hrellingar styrjaldanna. En að vísindin hafa verið tekin í þjónustu eyðileggingar og manndrápa, stafar þó langmest af því, að þekkingarinnar menn hafa verið heldur lítils metnir í samanburði við ýmsa aðra, og því lítils megandi, hjá því sem þurft hefði að vera. Og það er mikils vert að skilja, að hinar minni framfarir en þurft hefðu að vera í vísindum, er að mjög miklu leyti til þess að rekja, að of mikið hefir verið litið á það, hvaða vísindastarf helst væri hagnýtilegt (og þá fyrst og fremst í þágu hernaðar!). Því hefir verið of lítill gaumur gefinn, að ýmislegt það, sem að mestu gagni hefir orðið, hefir þó framanaf, og það jafnvel mannsaldur eftir mannsaldur, virst vera lítið annað en þýðingarlaust dútl nokkurra sérvitrunga, sem því ekki þóttu mikilla launa verðir, eða virðingar. Þar sem komið er í sannleika á framfarabraut, þarf sá sem sýnt hefir hæfileika til að finna ný sannindi, ekki fram- ar um fé að spyrja. Það er þar vitað, að fyrr eða síðar mun það reynast best fyrir þjóðfélagið og mannkynið allt, að slíkir geti lifað við þær ástæður sem best henta starfi þeirra.

En hversu fjarri er hér á jörðu ennþá verið þeim skilningi á mannkynssögunni, sem aldaskiptin munu færa oss, má marka t. d. af því, að frægustu menningarverðlaunin í einu hinu ágætasta menntalandi, Svíþjóð, eru aldrei veitt jarðfræðingum, dýrafræðingum eða grasafræðingum; og að jafnvel þeir vísindamenn, sem geta hlotið þessi verðlaun, t. d. efnafræðingar og eðlisfræðingar, eru þó hafðir útundan í samanburði við skáldin. Og eigi einungis þannig, að eðlis- og efnafræðilaununum er oft skipt, heldur er þess ekki gætt, að fyrir skáldin þýðir veiting verðlaunanna fyrst og fremst það, að sala á bókum þeirra margfaldast. En slíkt á sér miklu síður stað um vísindamennina, og hefði fjárfúlgan til þeirra því átt að vera hærri.